

## 212.fundur - 14.ágúst 2004

### 212. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps (endurrit fundargerðar) haldinn 14. ágúst 2003

Fundurinn hófst kl. 15:00. Um var að ræða reglulegan fund og til hans var boðað með eftirfarandi dagskrá:

- 1) Fundargerðir Mennta- og menningarmálanefndar frá 26. júní og 14. júlí 2003
- 2) Tilboð í skólaakstur
- 3) Vestfjarðavegur nr. 60, Þórisstaðir-Eyrará í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu. Drög að tillögu að matsáætlun frá Vegagerðinni á Ísafirði
- 4) Bréf frá Þórólfi Halldórssyni, formanni samgöngunefndar sveitarfélaga í Barðastrandarsýslu um ofangreind drög Vegagerðarinnar
- 5) Bréf frá Jónasi Baldurssyni fráfarandi leiðbeinanda við Reykhólaskóla dags. 27. júní 2003 og svar sveitarstjóra (var síðan ákveðið á fundinum að ræða þetta undir 1.lið)
- 6) Bréf frá Sparisjóði Vestfirðinga um hraðbanka á Reykhólum (tilkynning)
- 7) "Breytingar á samkomuhúsi Reykhólahrepps vegna stækkunar hlunnindasýningar", bréf Garðars Guðnasonar arkitekts
- 8) Tillögur að nýju nafni á samkomuhús/mjólkurbúshús á Reykhólum
- 9) "Reykhólar – tillaga að ræktun." Skýrsla Jóns Geirs Péturssonar skógræðings
- 10) Bréf skólastjóra Reykhólaskóla til foreldra (tilkynning)
- 11) Fjórðungsþing Vestfirðinga í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp 5-6. september 2003, bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga
- 12) Samstarf í barnaverndarmálum, bréf frá Borgarbyggð dags. 22. júlí 2003
- 13) Samstarf í sorphirðumálum, bréf frá Sorpsamlagi Strandarsýslu dags. 21. júlí 2003
- 14) Deiliskipulag Bjarkalundar, bréf frá Skipulagsstofnun dags. 17. júlí 2003
- 15) Landamerki Reykhólajarðar, bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu dags. 10. júlí 2003
- 16) Samningur milli Flateyjarhrepps og Minjaverndar frá 1987, bréf frá Minjavernd dags. 8. ágúst 2003
- 17) Önnur mál.

Mættir allir aðalmenn nema Egill Sigurgeirsson. Í hans stað mætir Rebekka Eiríksdóttir.

Önnur mál (frá Málfríði Vilbergsdóttur):

- a) Vegna Hellisbrautar 8a, tillaga um endurbætur
- b) Skólastjórahus (Jenshús), tillaga um endurbætur
- c) Barmahlíð, tillaga um að klárað verði að innrétta efri hæð Barmahlíðar

Samþykkt að bæta ofangreindum þremur málum við dagskrána.

1) Fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar 26. júní. Samþykkt. Fundargerð sömu nefndar frá 14. júlí: Ákveðið að ræða 5. lið dagskrár undir þessum lið. 5. Liður dagskrár samþykktur og allir liðir fundargerðarinnar. Samþykkt að varamaður Rebekku Eiríksdóttur taki við sæti hennar í nefndinni.

2) Tilboð í skólaakstur. Sveitarstjóri las greinargerð sína um þessi mál. Nokkrar umræður urðu um þessi mál og voru margir í hreppsnefnd óánægðir með það að öllum tilboðum skyldi hafa verið hafnað í fyrra skiptið. Ekki þótti þó fært að breyta þeirri ákvörðun sveitarstjóra, oddvita og varaoddvita. Gústaf varaði enn fremur við því að taxtarnir á vesturleiðinni væru orðnir hættulega lágir. Samþykkt að ganga til samninga við Arnór Grímsson um akstursleið 1 og við Erling og Indiönu um akstursleið 2. Tilboð Einars Hafliðasonar barst of seint vegna mistaka Íslandspósts. Engin tilboð bárust vegna akstursleiðar 3.

3-4) Vestfjarðavegur nr. 60, Þórisstaðir-Eyrará í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu og bréf Þórólfs Halldórssonar formanns samgöngunefndar sveitarfélaga í Barðastrandarsýslu. Sveitarstjóri lagði enn fremur fram afrit af formlegum og samhljóða athugasemdum sem bæjarráð Vesturbyggðar og hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hafa samþykkt. Hreppsnefnd samþykkir þessar athugasemdir samhljóða og felur sveitarstjóra að koma þeim á framfæri við Vegagerðina.

5) Bréf frá Sparisjóði Vestfirðinga um hraðbanka á Reykhólum (tilkynning)

6) Breytingar á samkomuhúsi Reykhólahrepps vegna stækkunar hlunnindasýningar. Sveitarstjóri greindi frá því að beðið væri álits þjóðminjasafns á þessum breytingum varðandi vörzlu á flutningabátum Friðþjófi.

7) Tillögur að nýju nafni á samkomuhús / mjólkurbúshús á Reykhólum. Komnar eru tillögur að níu nöfnum. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir fleiri tillögum.

8) Reykhólar, tillaga að ræktun. Skýrsla Jóns Geirs Péturssonar skógfræðings. Vísað til Umhverfis- og náttúruverndarnefndar.

9) Bréf skólastjóra Reykhólaskóla til foreldra (tilkynning)

10) Fjórðungsþing Vestfirðinga á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp 5-6. september 2003. Samþykkt að Gústaf Jökull Ólafsson færi ásamt sveitarstjóra. Varamenn Málfríður og Egill.

11) Samstarf í barnaverndarmálum, bréf frá Borgarbyggð. Synjun á samstarfi við Reykhólahrepp. Sveitarstjóra falið að hafa samband við Reykjavíkurborg og kanna hvort grundvöllur er fyrir samstarfi við þá.

12) Samstarf í sorphirðumálum, bréf frá sorpsamlagi Strandasýslu. Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar.

13) Deiliskipulag Bjarkalundar, bréf frá Skipulagsstofnun (tilkynning)

14) Landamerki Reykhólajarðar, bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu. Samþykkt að funda á Reykhólum með fulltrúum ráðuneytisins. Formanni jarðanefndar verður falið að undirbúa málið ásamt byggingar- og skipulagsnefnd.

15) Samningur milli Flateyjarhrepps og Minjaverndar frá 1987; bréf frá Þorsteini Bergssyni formanni Minjaverndar. Málinu frestað til næsta fundar.

Önnur mál:

- a) Vegna Hellisbrautar 8A; tillaga um endurbætur. Samþykkt að fela byggingarfulltrúa að taka húsið út.
- b) Skólastjórahús (Jenshús); tillaga um endurbætur. Samþykkt að láta einangra þakið með léttull.
- c) Barmahlíð. Samþykkt að hefjast handa við að ljúka innréttingum á efri hæð.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18:45

Málfríður Vilbergsdóttir Gústaf Jökull Ólafsson  
Rebekka Eiríksdóttir Bjarki Stefán Jónsson  
Þórður Jónsson Einar Örn Thorlacius (ritar)